

Um

ORÐAFORÐA OG LESSKILNING

Læsi í hefðbundnum skilningi byggir á tveimur höfuðþáttum en þeir eru færnin til að umbreyta ritmálinu í merkingabær orð með umskráningu og að skilja orðin sem textinn eða ritmálið inniheldur. Allur skilningur, hvort heldur sem er skilningur á mæltu máli eða skilningur á ritmáli, hvílir á málskilningnum. Málskilningur málnotandans nær yfir allan þann orðaforða sem viðkomandi skilur (viðtökuorðaforði) og hann notar til að tjá sig í ræðu og riti (tjáningarorðaforði). Staða málskilningsins, sem byggir á stærð orðasafns málnotandans, og færni í umskráningu eða lesfimi eru þeir tveir þættir sem hafa mestu áhrifin á getu lesara til að skilja texta. Af þessu leiðir að góð lesfimi og góður málskilningur eru lykilþættir læsis.

Niðurstöður PISA-könnunar á árabílinu 2000–2018 sýna hnignandi frammistöðu íslenskra nemenda á lesskilningshluta hennar og nemur afturförin nú því sem samsvarar rúmu hálfu skólaári á milli mælinga. Hlutfall nemenda með óviðunandi færni hefur jafnframt hækkað á meðan hlutfall nemenda með góða færni hefur að sama skapi lækkað. Staða drengja er töluvert lakari en stúlkna. Íslenskir rannsakendur eru sammála um að hnignandi lesfimi og minnkandi orðaforði séu helstu ástæður þess að frammistöðu íslenskra nemenda hnignar en kosturinn við þessar niðurstöður er sá að þær gefa augljósa vísbendingu um hvar skórinn kreppir og hvers konar aðgerða er þörf (Freyja Birgisdóttir, 2016; Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 2017).

Lesfimimat og viðmið Menntamálastofnunar, ásamt íhlutunarefni vegna lesfimi á Læsisvef, leggja grunninn að góðri umgjörð um lesfimikennslu sem geta mögulega leitt til aukins árangurs í lesfimi ef lestrarkennsla er vel skipulögð og ígrunduð. Lesskilningurinn er aftur á móti nokkuð flóknara fyrirbæri þar sem hann byggir fyrst og fremst á málþroska eða málskilningi nemenda og að einhverju leyti á meðvitaðri þekkingu á tækni eða aðferðum sem grípa þarf til þegar skilning þrýtur. Góð lesfimi er mikilvæg en hún er gagnslítill ef málskilningur er ekki góður og því þurfa kennarar að huga ekki aðeins að lesfiminni heldur að treysta, allt frá upphafi leikskóla- og grunnskólagöngu, undirstöður málskilnings með áherslu á orðaforðanám og kennslu lesskilningstækni og aðferða eftir að formlegt lestrarnám hefst. Ábyrgðin liggur þó ekki aðeins á herðum skólasamfélagsins heldur einnig foreldra en vegna faglegrar þekkingar hlýtur skólasamfélagið að vera leiðandi í upplýsingagjöf sinni til heimila varðandi málþroska og mikilvægi þess að hlúa að honum allt frá fæðingu.

Í grein sinni leggja Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson (2017) áherslu á mikilvægi þekkingar kennara á undirstöðuþáttum læsis og þau nefna jafnframt að læsi sé sameiginlegt verkefni allra kennara á öllum skólástigum. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á því héraendis hversu mikið rými formleg lestrarorðaforða- og lesskilningsaðferðakennsla fær eða hversu mikið rými lestrarkennsla fær almennt en ljóst er að hana verður að auka eigi árangur að batna. Á orðaforða- og lesskilningshluta Læsisvefsins er ætlunin að safna saman útfærslum á gagnreyndum aðferðum sem hafa stuðlað að því að efla færni nemenda í glímu við texta og eru kennarar hvattir til að prófa þær til að hjálpa nemendum að efla lesskilning sinn. Það er jafnframt mikilvægt að lesa mikið, lesa sífellt fjölbreyttari og þyngrri texta sem fela í sér áskorun, að rýna í og ígrunda, að skrifa og skapa.

Heimildaskrá

- Freyja Birgisdóttir. (2016). Orðaforði og lestrarfærni: Tengsl við gengi nemenda á lesskilningshluta PISA. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérarit um læsi*. Sótt af http://netla.hi.is/serarit/2016/um_laesi/04_16_laesi.pdf.
- Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérarit um læsi*. <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>.